




Bókin *Vefnaður á íslenskum heimilum á 19. öld og fyrri hluta 20. aldar* er grundvallarrit um vefnað á Íslandi. Bókin var gefin út árið 1966 en það var Halldóra Bjarnadóttir (1873-1981) sem tók bókina saman.

Bókin hefur verið ófánleg um langa hríð en nú hefur Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi gefið hana út að nýju. Bókin er endurprentuð óbreytt frá útgáfunni 1966. Elín S. Sigurðardóttir forstöðukona Heimilisiðnaðarsafnsins ritar aðfaraorð og Áslaug Sverrisdóttur sagnfræðingur gerir formála að nýrri útgáfu bókarinnar, en hvorutveggja þýddi Steinunn J. Ásgeirsdóttir á ensku. Þá er í viðauka nýjar ljósmyndir af munum sem getið er um í bókinni og varðveittir eru í Halldórustofu Heimilisiðnaðarsafnsins.



Hér er á ferðinni sígillt rit sem nauðsynlegt er að sé til í öllum skólum landsins, söfnum, hjá handverkshópum og öllum þeim sem vilja kynna sér heimildir um vefnað, tóvinnu, hannyrðir og listhneigð Íslendinga, heimilið og starfsskilyrði þeirra á 19. öld og fyrri hluta 20. aldar.

Bókin er fánleg hjá Heimilisiðnaðarsafninu á Blönduósi, Heimilisiðnaðarfélagi Íslands, Þjóðminjasafni Íslands og Árbæjarsafni. Auk þess má nálgast hana í helstu bókaverslunum landsins.

Verð bókarinnar er kr. 6.900.- og í gjafaöskju kr. 7.900.-